

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Eskifirði



Dags eftirlits	22.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Freyr Guðmundsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733478,28 517684,715

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða olúbirgðastöð rekstraraðila á hafnarsvæðinu á Eskifirði. Heimilt er að geyma allt að 7.000 m³ af olíu í nyrðri þró stöðvarinnar og þar af í stærsta geymi allt að 3.500 m³ af olíu og allt að 2.150 m³ af olíu í syðri þrónni, þar af 1.030 m³ í stærsta geymi. Alls eru fimm eldsneytisgeymar í stöðinni og einn olúgeymir undir útgangsolíu. Einnig eru 5.000L geymir fyrir bætiefni í gasolíu og lítill geymir fyrir litarefni olíu staðsettir í syðri þrónni. Er eftirlitið fór fram var einungis olía geymd í þremur geymum stöðvarinnar, geymum 740-B203, 740-B2014 og 740-206.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit og engin ábending var sett fram. Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Engar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar aðrar en tilfærsla á einni afgreiðslulögn, P10120 en færa þarf hana til vegna byggingaframkvæmda. Rekstraraðili er minntur á að senda inn niðurstöður prófana á þeirri lögn um leið og þær berast. Allir olúgeymarnir hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum, nema geymar 740-B201 og 740-B202 en þeir hafa verið aflagðir. Minnt er á að ekki er heimilt að setja í þá olíu að nýju nema þeir hafi verið botnþykktarmældir áður og Umhverfisstofnun samþykkt notkun þeirra.

Stöðin er tengd olíulögnum á tveimur bryggjum. Eldri olíulagnir liggja á löndunarbryggju en yngri olíulagnir á olúbryggju. Lögn nr. 201108-01, til fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. hefur verið tekin úr notkun. Olíulagnir nr. P10110, P10120, P10130 voru þrýstiprófaðar árið 2018 og notkun þeirra áfram heimiluð. Aðrar lagnir eru ofanjarðar og innan þróar og því ekki krafa um þrýstiprófun á þeim lögnum.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Tvær olúskiljur eru í stöðinni og eru þær tengdar sitthvorri þrónni ásamt því sem afgreiðsluplan fyrir flutningsgeyma er tengt neðri olúskiljunni. Þaðan er lögn með einstremisloka og liggur hún í fráveitulögn sveitarfélagsins. Fylgst er reglulega með ástandi skiljanna og það skráð í rekstrarhandbók. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en síðasta mæling var gerð árið 2018 og þarf því að gera mælingu nú í ár.

Sjálfvirk dæling úr þróm er fyrir hendi og stjórnast hún af skynjurum en dæla þarf reglulega úr þrónni vegna sigs í stöðinni, en hún er byggð á landfyllingu. Þrænar standa opnar en olúskynjari í frárennsli stöðvarinnar slær út dælum og sendir GSM skilaboð til starfsmanna er olíu skynjast í frárennslinu. Allar ristar í lekaþróm stöðvarinnar voru hreinsaðar í apríl sl. Til stendur að tæma og hreinsa olúskiljurnar núna á næstu vikum. Vel er fylgst með sighthreyfingum í stöðinni og eru mælingar gerðar 2-3x á ári af verkfræðistofunni Mannvit.

Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig vistuð á rafrænu svæði rekstraraðila. Skráningar eru góðar og ekki gerðar athugasemdir þar um. Allar áætlanir, afrit af starfsleyfi, öryggisblöð og aðrar upplýsingar er krafa er gerð um að séu til staðar skv. starfsleyfi eru aðgengilegar öllum starfsmönnum í gegnum CCQ rafrænt gagnakerfi rekstraraðila.

Olíublautum tuskum og öðrum olíusmituðum úrgangi er safnað saman í tunnu og farið með það til spilliefnamóttöku reglulega. Ekki fellur til mikið af öðrum úrgangi í stöðinni en til stendur að setja upp flokkunargáma við stöðina.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Hún er snyrtileg á að líta og hlið og girðingar í lagi.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.


ANNAÐ

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar í stöðvarhúsi og á sameiginlegu drifi rekstraraðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.07.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir